

Reglur Borgarbyggðar um fjárhagsaðstoð

I. kafli

Grundvöllur þjónustu

1. gr.

Lagagrundvöllur

Sveitafélögum er skylt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV, V. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólki sem er í skráð í sambúð hjá Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð hjá Þjóðskrá í eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Markmið með fjárhagsaðstoð

Markmið fjárhagsaðstoðar er að tryggja að íbúar Borgarbyggðar geti séð fyrir sér og sínum með því að veita þeim þá fjárhagslegu aðstoð sem nauðsyn krefur. Fjárhagsaðstoð skal veitt íbúum í tímabundnum erfiðleikum og er aðstoð til að mæta grunnþörfum.

Fjárhagsaðstoð er veitt einstaklingum og fjölskyldum sem hafa ónógar tekjur sér og sínum til framfærslu, sbr. 12. gr. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhagsaðstoð getur verið tvenns konar:

- a) Almennur framfærsluþjálfingur
- b) Stuðningur vegna sérstakra aðstæðna

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði á vegum sveitarfélagsins, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Skilyrði fjárhagsaðstoðar

- 1) Umsækjandi skal eiga lögheimili í Borgarbyggð og dvelja á Íslandi á því tímabili sem hann fær fjárhagsaðstoð frá Borgarbyggð.
 - Telji starfsmaður dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent Þjóðskrá til nánari athugunar.
- 2) Að tekjur umsækjand fyrir tekjuskatt séu undir viðmiðunarfjárhæðum fjárhagsaðstoðar skv. 9. gr.

Fjárhagsaðstoð sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er ætíð endurkræf og getur sveitarfélagið endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur vísitandi veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgangið umsóknarinnar. Í alvarlegum tilvikum skal málið tilkynnt til lögreglu.

Kanna skal til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, s.s. frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga. Ávallt skal kanna möguleika á annarri aðstoð en fjárhagsaðstoð s.s. ráðgjöf og leiðbeiningum, samhliða mati á rétti til fjárhagsaðstoðar.



BORGARBYGGÐ

II. kafli Umsóknir og mat

4. gr.

Umsókn

Umsókn skal leggja fram í þjónustugátt Borgarbyggðar. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri, upplýsingar um skráningu í nám. Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við. Afgreiðsla umsókna fer fram á afgreiðslufundi félagsþjónustu Borgarbyggðar. Að öllu jöfnu þarf umsókn að berast á milli 20.-25. hvers mánaðar.

- 1) Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, auk mæðra- og feðralauna. Einnig ber að skila erlendu skattframtali hafi viðkomandi eða sambúðaraðili búið erlendis á yfirstandandi ári eða síðasta tekjuári. Erlendum ríkisborgurum ber að skila inn staðfestingu á eignastöðu sinni í ríkisfangslandi og þegar við á yfirliti yfir tekjur vegna eigna.
- 2) Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann skrá sig hjá Vinnumálastofnun og leggja fram staðfestingu þess efnis ásamt staðfestingu á réttindastöðu sinni hjá Vinnumálastofnun og greiðslur bóta. Umsækjandi skal sýna fram á virka atvinnuleit á Íslandi. Hafi umsækjandi hvorki skráð sig hjá Vinnumálastofnun né sinnt virkni, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil, sbr. 7. gr. reglna þessara.
- 3) Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda eða hann er ekki fær um að sinna atvinnu vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði sem skal útgefið af heilsugæslu- eða sérfræðilækni umsækjanda. Í læknisvottorði skal koma fram mat læknis á óvinnufærni og áætlun um endurhæfingu, þegar við á. Læknisvottorð skal að jafnaði ekki vera eldra en fjögurra vikna þegar það er lagt fram og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða nema annað komi fram í einstaklingsáætlun.
- 4) Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu. Réttur til fjárhagsaðstoðar getur myndast í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis. Sé erlendur ríkisborgari með dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða myndast réttur til fjárhagsaðstoðar við skráningu lögheimilis. Sé erlendur ríkisborgari með dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldu/tengdur aðili ábyrgist framfærslu hans, á hann að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Upplýsa ber umsækjanda um möguleg neikvæð áhrif veittrar fjárhagsaðstoðar á umsókn um íslenskan ríkisborgararétt skv. 9. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt.
- 5) Fjölskyldusvið Borgarbyggðar getur ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um umsækjanda bæði frá innlendum og erlendum stofnunum, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, bönkum, sparissjóðum, og lífeyrissjóðum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.



BORGARBYGGÐ

- 6) Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi sanni á sér deili í eigin persónu og framvísi gildu persónuskilríki í hverri viku. Sé því ekki sinnt missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar. Við fyrstu fjarvist er heimilt að skerða fjárhagsaðstoð um helming, í annað skipti skerðist fjárhagsaðstoð um 75% og ef ekki er mætt í þrjú skipti þann mánuð fellur greiðsla fjárhagsaðstoðar niður. Undantekning frá skerðingu er að viðkomandi hafi gilda ástæðu s.s. með framvísun læknisvottorðs eða sambærilegum gögnum.

5 gr. Gagnaöflun

Umsækjandi ber ábyrgð á öflun gagna og upplýsinga sem ber að skila vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð og að upplýsingarnar séu réttar. Öllum gögnum skal skilað í síðasta lagi tveimur vikum eftir að umsókn hefur verið undirrituð. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði. Neiti umsækjandi að skila umbeðnum gögnum eða upplýsingum um sig eða maka stöðvast vinnsla umsóknar hans. Einnig skal afla upplýsinga um önnur atriði, t.d. félagslegar aðstæður, eftir því sem umsókn gefur tilefni til.

III.kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

6 gr.

Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Fjárhæð fjárhagsaðstoðar til almennrar framfærslu tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar er kr. 274.364 á mánuði. Fjárhæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:

1. Fjárhagsaðstoð einstaklings 18 ára og eldri sem rekur eigið heimili er 1,0 kvarði eða kr. 274.364
2. Fjárhagsaðstoð hjóna/sambúðarfólks sem reka eigið heimili er 1.6 kvarði eða kr. 438.982 á mánuði.
3. Fjárhagsaðstoð einstaklings sem heldur heimili með öðrum og beri hann sannanlega kostnað af eigin húsnæði eða leiguhúsnæði skal reiknast 0,8 kvarði af grunnfjárhæð eða kr. 219.491.
4. Fjárhagsaðstoð einstaklings 18 ára og eldri sem ekki ber kostnað af eigin húsnæði eða leggur fram þinglýstan leigusamning eða aðra staðfestingu á leigugreiðslum sl. 3 mánuði er 0.6 kvarði af grunnfjárhæð eða kr. 164.618.
5. Fjárhagsaðstoð einstaklings sem býr hjá foreldrum og hefur forsjá og lögheimili barns/barna er 0,8 kvarði af grunnfjárhæð eða kr. 219.491.
6. Fjárhagsaðstoð einstaklings 18-25 ára sem býr hjá foreldrum eða ættingjum er 0.6 kvarði af grunnfjárhæð eða kr. 164.618.
7. Fjárhagsaðstoð einstaklings sem er inniliggjandi á sjúkrastofnun eða í áfengis- eða vímuefnaðferð er 0.4 kvarði af grunnfjárhæð eða kr. 109.746.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar er ákveðin af velferðarnefnd Borgarbyggðar og er endurskoðuð í janúar ár hvert.

7. gr.

Skerðing fjárhagsaðstoðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu, sagt starfi sínu lausu, eigi sjálfur sök á uppsögn eða hafi fyrirgert bótaábyrgð á sjúkrastofnun er heimilt að skerða framfærslu um helming þann mánuðinn



BORGARBYGGÐ

og mánuðinn þar á eftir. Einnig skerðist réttur ef að umsækjandi hafnar eða hefur hætt þátttöku á námsskeiði, átaksverkefni, endurhæfingu og eða einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa, um helming þann mánuð og mánuðinn þar á eftir.

Á meðan umsókn einstaklings er í vinnslu hjá Vinnumálastofnun vegna umsóknar um atvinnuleysisbætur eða hjá Tryggingastofnun vegna umsóknar um endurhæfingar- eða örorkulífeyri, á viðkomandi ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Viðkomandi getur sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns sem endurgreiðist að fullu strax að fenginni greiðslu frá Vinnumálastofnun eða Tryggingastofnun. Aðstoðin skal þó aldrei endurgreidd lengra aftur í tímann en frá þeirri dagsetningu sem bætur eru greiddar. Í undantekningartilfellum er heimilt að semja um endurgreiðslu.

8 gr.

Eignir umsækjanda

Við útreikning á fjárhagsaðstoð skal taka mið af eignum öðrum en íbúðarhúsnæði til eigin nota og jörð sem umsækjandi býr á. Sé um aðrar eignir að ræða; s.s. fasteignir eða lausafé, skal Fjölskyldusvið Borgarbyggðar fjalla sérstaklega um málið. Umsækjanda skal þá að jafnaði vísað á almenna lánaþyrirgreiðslu þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

9 gr.

Tekjur umsækjanda

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og tveimur mánuðum á undan eru taldar með við mat á fjárhagsaðstoð. Með tekjum er átt við allar innlendar og erlendar skattskyldar tekjur einstaklings og sambúðaraðila s.s. atvinnutekjur, aðrar skattskyldar tekjur, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands eða sjúkrasjóðum stéttarféлага, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, verktakagreiðslur, greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og mæðra og feðralaun. Greiðslur vegna barna, húsnæðisbætur, sérstakur húsnæðisstuðningur, vaxtabætur, framlag vegna menntunar fyrir 18 til 20 ára einstaklinga, oftast greitt frá Tryggingarstofnun ríkisins teljast ekki til skattskyldra tekna. Að jafnaði skal miða við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Ef viðkomandi hefur verið í tímabundnu starfi, er telur að hámarki þrjú mánuði, s.s. sumarstarf, tekur fjárhagsaðstoð ekki mið af tekjum síðastliðna þriggja mánaða, séu tekjur undir 600.000 kr. á mánuði.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og umfram eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega hagnast af sölu eigna sinna, skal honum að jafnaði vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

Ef umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili eiga eignir eða eigið fjármagn sem nýst geta til framfærslu á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

10. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf

Atvinnurekandi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur á kost á fjárhagsaðstoð hafi hann hætt rekstri og lokað vsk-númeri auk þess að hafa leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun.

11. gr.

Mat á tekjum bænda

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit



BORGARBYGGÐ

uppfært til 30. júní. Þá skulu einnig liggja fyrir upplýsingar um greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði.

12.gr.

Tímabil fjárhagsaðstoðar

Ákvarðanir um fjárhagsaðstoð skulu að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Aðstæður þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði samfellt skulu kannaðar sérstaklega og samvinna höfð með félagslegri ráðgjöf.

Fjárhagsaðstoð er að jafnaði ekki greidd aftur í tímann. Hafi réttur til fjárhagsaðstoðar verið ótvíræður mánuðinn áður en sótt er um, er þó heimilt að greiða fjárhagsaðstoð einn mánuð aftur í tímann.

13. gr.

Fjárhagsaðstoð sem lán

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Eftirfarandi skilyrði fyrir lánveitingu skulu uppfyllt:

- a) Umsækjandi uppfyllir almenn skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð.
- b) Fyrir liggja mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veitt lán þegar ljóst er að umsækjandi geti staðið skil á afborgunum.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán, skal gera lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu.

Einstaklingar sem bíða eftir afgreiðslu á umsókn, s.s. hjá Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingum Íslands, sjúkrasjóðum stéttarfélagum, lífeyrissjóðum eða öðrum stofnunum, geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar einstaklingur hefur fengið bætur sínar greiddar aftur í tímann frá viðkomandi stofnun ber honum að greiða lánið til baka með eingreiðslu. Í undantekningartilfellum er heimilt að skipta greiðslum niður með samkomulagi þar um. Fáir umsækjandi ekki samþykka umsókn frá fyrrgreindum aðilum er heimilt að breyta láni í styrk.

IV. kafli

Fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna

14 gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra á fjárhagsaðstoð sem eru með forsjá barna sinna.

Ávallt er um að ræða tímabundinn stuðning sem endurskoðaður skal á 6 mánaða fresti.

Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 20.000 kr. á mánuði.

Um er að ræða stuðning til að greiða eftirfarandi:

- 1) Daggæslu barna í heimahúsum, leikskóla og skólafrístund.
- 2) Sumardvöl og/eða þátttöku barna í þroskandi félags- og tómstundarstarfi.
- 3) Sérstakan kostnað vegna skóla og tímstunda s.s. ferðakostnað, fatnað og skólavörur.
- 4) Kostnað vegna fermingar.
- 5) Læknis og lyfjakostnað.
- 6) Námsstyrk fyrir börn 16-18 ára. Styrkurinn skal miða að því að greiða útlagðann bókakostnað og skólagjöld.



BORGARBYGGÐ

Í undanþágu tilvikum þegar um er að ræða meðferðar og eða stuðningssjónarmið vegna fyrirbyggjandi aðgerða í þágu barns er heimilt að veita foreldrum styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans. Liggja skal fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf.

15 gr. Námsstyrkur

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til náms til einstaklinga á aldrinum 18-25 ára sem átt hafa í félagslegum erfiðleikum og hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla, og hafa haft atvinnutekjur undir eða við reiknaða fjárförfl sl. tólf mánuði. Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en námið hefst. Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um hvernig skuli staðið að eftirliti varðandi skólasókn og námsframvindu. Heimilt er að veita nýbúum styrk til íslenskunáms. Skilyrði er að umsækjandi uppfylli skilyrði 3 gr. þessara reglna og ljúki námskeiðinu.

16. gr. Fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið geti ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 250.000kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- 1) Staðfest ljósrit af skattaframtali hins látna.
- 2) Launaseðlar og greiðslufirlit frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóðum.
- 3) Staðfesting frá stéttarfélagi um að viðkomandi eigi ekki rétt til útfararstyrks.
- 4) Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.
- 5) Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

17. gr. Styrkur til húsbúnaðarþauka

Húsbúnaðarstyrk/lán má veita þeim einstaklingum sem eru eignalausir, eiga í miklum félagslegum erfiðleikum, eru með tekjur á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar og eru að hefja búskap í fyrsta sinn eða eiga ekki húsbúnað eftir langvarandi heimilisleysi. Húsbúnaðarstyrkur/lán getur að hámarki orðið kr. 200.000 og greiðist að jafnaði aðeins í eitt skipti. Þar að auki er heimilt að greiða aukalega því sem nemur 0,2 af grunnfjárhæð fyrir hvert barn umsækjanda sem á lögheimili hjá honum, að hámarki 1.6 af grunnfjárhæð húsbúnaðarstyrks

18. gr. Greiðslur sérfræðiaðstoðar

Meðferðarviðtöl: Heimilt er að veita einstaklingum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá meðferðaraðilum sem hafa starfsleyfi frá embætti landlæknis s.s. félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, ef það er liður í umfangsmeiri stuðningi og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan Fjölskyldusviðs Borgarbyggðar. Hámarksaðstoð er 20.000 krónur fyrir hvert viðtal og er að hámarki veittur styrkur til fimm viðtala á ári.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita umsækjenda viðbótarstyrk til greiðslu allt að fimm viðtölum ef brýnar ástæður liggja að baki. Umsögn og matskýrsla meðferðaraðila skal liggja til



BORGARBYGGÐ

Einnig getur aðstoðin verið veitt vegna annarskonar sérfræðikostnaðar t.d. lækni- og lyfjakostnaðar:

- a) Einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b) Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir íþyngjandi áföllum, svo sem alvarlegu ofbeldi.

Hámarksupphæð er þá 60.000 kr. ár ári.

Tannlæknaþjónusta: Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu undanfarna sex mánuði. Heimildin nær einnig til barna umsækjanda. Hámark aðstoðar skal vera 1/3 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar á 12 mánaða tímabili. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun tannlæknis.

Nauðsynleg hjálpartæki: Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu á kostnaðarhlut umsækjanda við kaup á nauðsynlegum hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnatækjum til einstaklinga sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu undanfarna sex mánuði. Hámark aðstoðar á ári er ¼ af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.

Réttur til styrks hjá öðrum aðilum s.s. stéttarfélagi þarf í öllum tilvikum að hafa verið kannaður og nýttur. Styrkur sem umsækjandi kann að eiga rétt á frá öðrum aðilum kemur til frádráttar aðstoð fjölskyldusviðs. Greitt er gegn framvísun reikninga.

19.gr.

Desemberstyrkur

Heimilt er að veita þeim sem njóta fjárhagsaðstoðar sér til framfærslu sérstaka desemberuppbót sem nemur fjórðungi af grunnfjárhæð. Styrkurinn er að jafnaði einungis veittur þeim sem hafa verið á fjárhagsaðstoð undanfarna þrjú mánuði eða lengur. Heimilt er að veita sérstaka aðstoð vegna barna sem nemur 15.000 kr. á barn sem hefur lögheimili hjá og er í forsjá umsækjenda.

20 gr.

Ábyrgðaryfirlýsing vegna tryggingar húsaleigu

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu skv. 40. gr. Húsaleigulaga nr. 36/1994 að hámarki 600.000 kr., til þeirra sem uppfylla skilyrði 3. greinar, hafa haft tekjur undir grunnfjárhæð sl. tvo mánuði og glíma við húsnæðisvanda. Skilyrði er að viðkomandi sýni fram á að hann hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu eða húsaleiguábyrgð hjá bönkum eða öðrum sambærilegum aðilum sem bjóða upp á slíkt.

Drög að húsaleigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða skal liggja fyrir áður en ábyrgðaryfirlýsing er gefin út. Framvísa skal afriti af þinglýstum húsaleigusamningi þegar hann liggur fyrir eða staðfestingu á því að leigusamningur hafi verið skráður í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sbr. 5. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Áður en ábyrgðaryfirlýsing er gefin út skal gerður samningur við umsækjanda um endurgreiðslu ef til þess kemur að gengið verði á ábyrgð sveitarfélagsins vegna vanefnda af hálfu umsækjanda. Í samningnum skal koma fram að Fjölskyldusviði sé heimilt að draga endurgreiðslur af sérstökum húsnæðisstuðningi eða fjárhagsaðstoð, eigi umsækjandi rétt á slíku.

Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir beint til leigusala og krefja umsækjanda um endurgreiðslu ábyrgðar skv. samningi sbr. 3. mgr. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán og semja um mánaðarlegar greiðslu þar til lánið hefur verið að fullu greitt.

Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 24 mánaða tímabili.



BORGARBYGGÐ

21. gr.

Styrkur vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

1. Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
2. Fyrir liggja yfirlit starfsmanns fjölskyldusviðs eða Umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
3. Fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni bæta fjárhagsstöðu umsækjanda þegar til lengri tíma er litið.
4. Fyrir liggja samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Aðstoð samkvæmt þessari grein er veitt vegna barna, þ.e. leikskólaskuld, skuld vegna skólagæslu og og enn fremur vegna húsnæðis, þ.e. húsaleigu, fasteignagjalda, rafmagns og hita, allt að kr. 250.000 á ári fyrir hvert heimili.

Í undantekninga tilfellum er heimilt að veita sérstakan styrk til að mæta óvæntum útgjöldum, að því gefnu að skilyrði 21. gr. séu uppfyllt, allt að kr. 250.000 á ári fyrir hvert heimili.

V. kafli

Málsmeðferð

22. gr.

Leiðbeiningar og ráðgjöf

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en af öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmanns hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða sbr. ákvæði 1.mgr. 7.gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður Fjölskyldusviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar skv. reglum þessum og aðstoða við öflun nauðsynlegra gagna ef þörf er á.

23. gr.

Varðveisla ganga, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónuupplýsingar skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar sveitarfélagsins kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi. Starfsmenn eru bundnir trúnaði helst þagnarskyldan þótt látið sé af störfum.



BORGARBYGGÐ

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

24. gr.

Heimild til ákvarðana

Starfsmenn Fjölskyldusviðs Borgarbyggðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar sem hefur umboð til fullnaðarafgreiðslu mála skv. viðauka 1.6 í samþykktum um stjórn Borgarbyggðar. Ákvarðanir þeirra eru endanlegar og krefjast ekki staðfestingar velferðarnefndar eða sveitarstjórnar.

25. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða og reglna, eftir því sem á við. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

26. gr.

Málkotsréttur

Umsækjandi getur skotið ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kæra skal berast úrskurðarnefnd velferðarmála skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

27. gr.

Endurupptaka

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum.

28. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 16. janúar 2025.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur um fjárhagsaðstoð frá 8. júní 2023.

Fyrir hönd Borgarbyggðar

Stefán Broddi Guðjónsson

Samþykkt í velferðarnefnd 9. desember 2024.

Samþykkt í sveitastjórn Borgarbyggðar 16. janúar 2025.

Samþykkt í velferðarnefnd 11. mars 2025.

Samþykkt í sveitastjórn Borgarbyggðar 13. mars 2025



BORGARBYGGÐ